



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2013.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi (9. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér stofnsetningu sérfræðingahóps sem mun útfæra leiðir til að ná fram lækkun á verðtryggðum húsnæðislánnum.

Þjóðhagslegt mikilvægi þess að íslensk heimili og fyrirtæki séu ekki of skuldsett er engum vafa undirorpið. Það hvernig sé hagfelldast að móta aðgerðir til að takast á við slíka stöðu er hins vegar flókið úrlausnarefni sem getur, ef ekki er nægilega hugað að heildaráhrifum þeirra, skapað meiri vanda en þeim er ætlað að leysa. Hér kemur einkum til álita áhrif slíkra aðgerða til aukinnar skuldasöfnunar ríkissjóðs og þá hvort ekki sé heppilegra fyrir samfélagið í heild að nýta það fjármagn sem getur fallið til í samningum við kröfuhafa gömlu bankana til að greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Viðskiptaráð telur ástæðu til að nálgast verkefni um samninga við erlenda kröfuhafa og skuldaniðurfærslu með aðskildum hætti. Um tvö sjálfstæð verkefni er að ræða og nærtækast væri að tengja samningagerð og útfærslu gagnvart erlendum kröfuhöfum við leiðir til afnáms gjaldeyrishafta og eflingu fjármálamarkaða. Eftir stendur spurningin um forsendubrest og á því málefni eru deildar meiningar. Vilji stjórnvöld fara í slíka aðgerð er því mikilvægt að gagnsæi ríki um áhrif þess á skuldastöðu ríkissjóðs, óháð ótengdum ávinningi af samningum við erlenda kröfuhafa.

Þá er ástæða til að undirstrika að skuldir ríkissjóðs hafa vaxið umtalsvert eða úr 30% af VLF árið 2007 í tæplega 90%. Birtingarmynd þessa liggur í aukinni vaxtabyrði ríkissjóðs en samkvæmt spá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður verði rúmur 84 ma. kr. að meðaltali á ári til ársins 2016 eða um 15% af heildartekjum ríkissjóðs. Horft til árána 1999-2008 nam vaxtakostnaðurinn að meðaltali um 30 mö. kr. Munurinn þar á jafnast á við samanlögð fjárframlög ríkisins til Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og til rekstrar Landspítalans.¹ Þegar öllu er á botnin hvolft þá eru það skattgreiðendur sem bera þessar byrðar. Til að setja það í samhengi þá jafngildir árlegur vaxtakostnaður næstu þriggja ára tæplega 270 þús. kr. á hvern Íslending, ríflega 500 þús. á hvern starfandi Íslending eða um 700 þús. á hvert íslenskt heimili.

Auk þess að ýta á hagræðingarþörf í ríkisrekstrinum og aukna skattbyrði einstaklinga bendir margt til þess að þegar ákveðnum þröskuldi er náð fari skuldsetning hins opinbera að hamla hagvexti og þar með lífskjarabata. Minni hagvöxtur gerir þjóðarþúinu aftur erfiðara um vik með að standa undir skuldabyrðinni, m.a. með samdrætti í skattheimtu, og getur leitt til aukinna skulda. Við slíkar aðstæður er því ákveðin hættu á neikvæðri víxlverkun skuldasöfnunar og slaks hagvaxtar. Hvað þessa þætti varðar má einnig líta til annarra tengdra sjónarmiða í umsögnum [BSRB](#), [SA](#) og [Seðlabankans](#) s.s. um jafnræði milli skuldara, áhrif á viðskiptajöfnuð og mikilvægi heilbrigðs ríkisrekstrar til að aflétta fjármagnshöftin.

Að þessu virtu telur Viðskiptaráð að skoða verði hvort það sé hagfelldara til lengri tíma litið fyrir samfélagið í heild að fjármunir sem ríkissjóði áskotnast í samningum við erlenda kröfuhafa verði nýttir til að efla verðmætasköpun í hagkerfinu, þá einkum með lækkun á skuldum ríkissjóðs. Leggur Viðskiptaráð


¹ Sjá skoðun Viðskiptaráðs [Bætt framleiðni, meira samstarf og minni byrðar bestu kosningaloforðin](#)

Því til að sérfræðingahópnum, sem kveðið er á um í 1. tl. tillögunnar, verði falið að veða og meta aðra kosti í þessu samhengi og bera saman við megintillöguna.

Hvað varðar aðra þætti tillögunnar má vísa til sjónarmiða annarra aðila s.s. [tillagna ASÍ](#) og verkefnastjórnar [Samráðsvettavangs um aukna hagsæld á Íslandi](#) um framtíðarskipan húsnæðismála, [umsagnar ÍLS](#) um verðtryggingu sem ein forsenda lánsframboðs og [umsagnar SFF](#) um endurútreikning lána og afnám stimpilgjalds, sem Viðskiptaráð hefur um árábil hvatt til. Að auki hafa nokkrir þættir þeirrar tillögu sem hér er til umsagnar ratað inná borð Alþingis á fyrri stigum og þar liggja fyrir fjölmargar gagnlegar athugasemdir sem rétt er að skoða í framhaldinu. Þá hafa nær allir umsagnaraðilar boðið fram aðstoð sína í þeirri vinnu sem framundan er og tekur Viðskiptaráð undir það, enda verkefnið umfangsmikið og því mikilvægara en ella að viðhafa gott samstarf við sem flesta.

Frekari efnislegar athugasemdir eru ótímabærar á þessum tímapunkti enda að mestu leyti um óútfærðar tillögur að ræða og því rétt að bíða formlegra tillagna sem úr úr störfum sérfræðihópanna á grundvelli þessarar þingsályktunartillögu kunna að koma.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands